

Araklettur þar sem gleðin býr!

Foreldrahandbók leikskólans Arakletts

Útgáfuár 2013 uppfært 2015, 2016, 201, 2018, 2019
og 2020

Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir fráfarandi
leikskólastjóri

Araklettur þar
sem gleðin býr

Hér eru allir
vinir

Araklettur með
ást á umhverfinu



Araklettur þar sem gleðin býr!

Kæru foreldrar.

Um leið og við bjóðum barnið og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við láta í té upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir ykkur að vita. Foreldrahandbók er afhent foreldrum við upphaf leikskólagöngu barns. Henni er ætlað að vera upplýsingarit til foreldra um það helsta sem viðkemur leikskólanum og dvöl barns í leikskóla. **Leikskólinn Araklettur starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2012, samkvæmt lögum nr. 90 12. júní 2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655 frá 2009.**

Leikskólinn Araklettur, Strandgötu 20, 450, Patreksfirði,

sími 4502343, 4502342 og 8938343

Netfanf araklettur@vesturbyggd.is

Vefsíða <https://www.leikskolivesturbyggdar.net/>

Leikskólalastjóri: Sigríður Gunnarsdóttir netf: araklettur@vesturbyggd.is

Sigríður tekur við keflinu af Hallveigu Guðbjörtu Ingimarsdóttur 1, ágúst 2020

Sérkennslustjóri: Hallveig Guðbjört Ingimarsdóttir netf: halla@vesturbyggd.is

Opnunartími: 07.45 til 16:15

Deildir staðan 12. Maí 2020

Klettur	Krókur	Kot	Eldhús
Marcelina Ostazewska deildarstjóri marcelina@vesturbyggd.is	Berglind M. V. Kristjánsdóttir, deildarstjóri berglind@vefturbyggd.is	Elín Dóróthea Sveinsdóttir deildarstjóri elin@vesturbyggd.is	Ana Pestana matráðurana@vesturbyggd.is
Justyna Bartkowiak, Thelma Rún Matthíasdóttir, Elín Dóróthea Sveinsdóttir	Wioletta Cosuch	Ewa Czubaj ewa@vesturbyggd.is	Rósa Guðmundsdóttir aðstoð í eldhúsi
Magdalena Lawinka afleysing		Anna María Hrafnsdóttir stuðningur	
Finnbogi Steinarsson afleysing Magdalena Lawinka afleysing	Finnbogi Steinarsson afleysing Magdalena Lawinka afleysing	Finnbogi Steinarsson afleysing Magdalena Lawinka afleysing	
			Magdalena Lawinka Ræsting

Araklettur þar sem gleðin býr!

Viðtalstímar kennara

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9:45 - 11:00				
13:10-14:25		Berglind		
13:15-14:15	Elín		Marcelina	
14:00 - 15:00			Sérkennslustjóri	

Araklettur er þriggja deilda leikskóli með sveigjanlegan vistunartíma, þ.e. hægt er að kaupa frá 4, upp í 8 klst. á dag á öllum deildum auk þess sem hægt er að kaupa 15 mín fyrir og 15 mín yfir klst. Fjöldi barna er um 36-8 börn. Biðlistinn inn í leikskólann stjórnar á hvern hátt deildirnar eru aldurskiptar. Á þessu skólaári 2019-2020 er Klettur er fyrir 14 mánaða -3 ára börn, Krókur er fyrir 3-4 ára börn, Kot er fyrir 4-5 börn. Næsta skólaár 2020-2021 er útlit fyrir að nánast eingöngu verði 4-5 ára börn í Koti. Opnunartími leikskólans er: 7:45-17:15 og eru foreldrar vinsamlega beðnir að virða þann tíma sem þeir hafa samið um að kaupa og þar með vinnutíma starfsmanna leikskólans en þeir eru ráðnir með tilliti til fjölda barna á klst.

Upphaf leikskólagöngu/aðlögun

Þegar barnið hefur leikskólagöngu er nauðsynlegt að hafa í huga hvaða áhrif þær breytingar hafa fyrir barnið. Góð samvinna milli foreldra barns og starfsfólks strax í byrjun er forsenda þess að barninu líði vel. Lykilatriði er að gagnkvæmur trúnaður skapist. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins, valdið breytingum á hegðun þess og líðan. Aðlögunin er mikilvægur þáttur í þessari samvinnu, þar er lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Farsæl aðlögun styrkir öryggisfinningu barnsins og leggur grunninn að vellíðan þess í leikskólanum.

Barnið er að kynnst nýju umhverfi og foreldrar ekki síður. Aðlögunin er sérstakt verkefni sem er ætlað til þess að auðvelda börnum, foreldrum að takast á við þær breytingar sem leikskólagangan hefur í för með sé, s.s. aðskilnað og til að gefa starfsfólki tækifæri til að sinna aðlögunni á sem bestan hátt. Sérstaklega er talið mikilvægt að foreldrar kynnist starfssemi skólans og starfsmönnum, s.s dagskipulaginu og þannig er vonast til að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýjum aðstæðum á börnin sín. Aðlögun tekur frá 3-5 dögum eftir aðstæðum. Einnig flytjast börn milli deilda og fer aðlögun þeirra þannig fram að þeim er boðið yfir á nýju deildina í litlum hópum dagstund í hvert skipti í c.a viku eða þar til séð verður að allt er í lagi.

Mikilvægt er að foreldrar sýni leikskólanum virðingu og trúnað um það sem það sér og heyrir á deildinni meðan að aðlögun stendur yfir og á það við um börnin, aðra foreldra og starfsfólkið.

Araklettur þar sem gleðin býr!

Aðalnámskrá leikskóla

Ný aðalnámskrá kom út árið 2011. Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Námskrá Arakletts miðast út frá að aðalnámskránni. Menntastefnan í nýrri aðalnámskrá byggist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við gerð námskrárinnar. **Grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.**

Skólustefna Vesturbyggðar

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja skóla í byggðinni sem standast ítrustu gæðakröfur þar sem allir leggjast á eitt um að stuðla að fjölbreyttu, skapandi og metnaðarfullu skólastarfi og sem bestum árangri. Vellíðan barna og starfsfólks skal vera í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, kurteisi, gagnkvæma virðingu, jafnrétti og mannréttindi, samvinnu og lýðræðislega starfshætti.

Stefna Leikskólans Arakletts

Á Arakletti er lögð áhersla á að leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntun barnanna okkar ásamt því að veita þeim öruggt umhverfi, umhyggju og ástúð. Leitast er við að búa börnunum örvandi og lærdómsríkt umhverfi sem hvetur til sköpunar, samræðu og rannsókna. Við hlúum að áhugahvöt barnanna og forvitni og samskiptahæfni. Barnið er hugsandi einstaklingur með mikla hæfileika, sem þarf að styðja. Við mætum barninu þar sem það er statt og leggjum okkur fram um að skapa glaðværd í leik þess og starfi. Við lítum á leikinn sem hornstein leikskólastarfsins. **Börnin eru hvött til að „horfa“ á það sem þau sjá, „hlusta“ á það sem þau heyra og „finna“ það sem þau skynja.** Lögð er áhersla á að starfsfólkið er fyrirmyndin og að lífsgildin séu rauður þráður í öllu starfi Arakletts.

Lífsmennt er yfirlýst stefna leikskólans frá 2014 og verður um næstu framtíð.

Þessi stefna er byggð á bókinni Lífsmennt, Living Values) sem unnin var á vegum UNESCO til að gera heiminn okkar betri, fyrir börn og allt samfélag.

Hún byggir á 12 lífsgildum sem fléttast inn í allt starf leikskólans bæði ytra og innra.

Lífsgildin 12 eru þessi: Virðing, Friður, Kærleikur, Hamingja, Umburðarlyndi, Ábyrgð, Samvinna, Auðmýkt, Heiðarleiki, Einfaldleiki, Eining og Frelsi, Hugrekki.



Araklettur þar sem gleðin býr!

Viðfangsefni

Vináttuverkefni

Vináttu eða *Fri for mobberi* byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfinu auk raunhæfra verkefna fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.

Leikskólustarfsmenn þurfa að fara á námskeið til að fá leyfi til að nota það.

Veturinn 2014-2015 tóku sex íslenskir leikskólar í jafnmörgum sveitarfélögum þátt í tilraunavinnu með *Vináttu*. Vináttuleikskólum hefur fjölgað jafnt og þétt og vonandi mun verkefnið verða starfrækt í öllum leikskólaum landsins innan fárra ára.

Umhverfisverkefni

Leikskólinn Araklettur er umhverfisvænn Grænfánaleikskóli. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni sem hefur það að markmiði að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Skólar ganga í gegnum sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fá skólarnir að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfisviðurkenning sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál.

Heilsueflandi leikskóli

Araklettur er þátttakandi í Heilsueflandi leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru **heilbrigði og velferð** skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi.

Mikill samhljómur er með þróunarstarfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Heilsueflandi leikskóli mun því nýtast leikskólum sem verkfæri til að innleiða grunnþáttinn heilbrigði og velferð.



Heilsueflandi leikskóli mun leggja sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk**. Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun, og að í skólanámskrá sé tekið mið af stefnunni. Stefnan þarf að vera unnin í góðu samstarfi skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra, barna og nærsamfélagsins en þannig næst bestur stuðningur við málefnið og sameiginlegur skilningur.

Reglulega þarf síðan að meta árangur stefnunnar og endurskoða í samráði við fulltrúa allra þeirra sem áttu þátt í gerð hennar.

Araklettur þar sem gleðin býr!

Stjórnskipan leikskóla

(Samkvæmt lögum nr. 90 12. júní 2008).

3. gr. Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, að öðru leyti en varðar stofnun og rekstur leikskóla, sbr. IX. kafla. Ráðherra gætir þess að farið sé eftir ákvæðum sem lög þessi og reglugerð með þeim mæla fyrir um, sbr. V. kafla.

Ráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólustarfs í leikskólum landsins á þriggja ára fresti.

4. gr. Sveitarfélög.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólustarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólustjóri situr fundi nefndarinnar og starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Rekstaraðili

Leikskólarnir í Vesturbyggð heyra undir Fræðslu- og æskulýpsræð Vesturbyggðar og Sviðsstjóra fjölskyldumála Vesturbyggðar og Bæjarstjóra Vesturbyggðar. Sími skrifstofu Vesturbyggðar er 450-2300.

Börn í leikskólum Vesturbyggðar eru tryggð.

Araklettur þar sem gleðin býr!



Hagnýtar upplýsingar

Fjarvistir

Foreldrum ber að láta starfsfólk vita um allar breytingar varðandi mætingu barna, t.d. vegna veikinda eða annars.

Veikindi

Ekki er aðstaða til að annast sjúk börn. Í leikskóla er alltaf meiri hættu á smiti og útbreiðslu algengra umgangspesta. Fá barn smitandi sjúkdóm á það að vera heima, þar til smithætta er liðin hjá til að forðast að smita aðra í leikskólanum enda sjálfsögð tillitsemi við önnur börn. Ef barn veikist á meðan það er í leikskólanum er hringt í foreldra þess og þeir beðnir að sækja barnið.

Lyfjagjafir

Starfsfólk leikskólans má ekki gefa börnunum lyf og foreldrar eru beðnir um að halda lyfjagjöfum fyrir utan leikskólann.

Barn getur fengið að vera inni í 2 daga eftir hitaveikindi að beiðni foreldra **að höfðu samráði við deildarstjóra eða leikakólastjóra**, enda hafi það verið heima 1 – 2 daga hitalaust.

Slys

Ef barn slasast í leikskólanum er foreldri strax látið vita og bregst starfsfólkið við hverju tilfelli eftir bestu vitund. Haldin er skráning yfir slys sem eiga sér stað í leikskólanum.

Klæðnaður

Nauðsynlegt er að klæða börnin þægilega og eftir veðri. Allir eiga að vera með aukaföt í Fatakassanum sínum sem er geymdur í hólfi barnsins. Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað barnanna, útiföt, regnföt, skó, stígvél og aukaföt. Vel merktur fatnaður týnist síður. Gott er að börnin hafi inniskó. Leikskólinn ber ekki ábyrgð á ómerktum fatnaði.

Araklettur þar sem gleðin býr!

Afmæli

Haldið er upp á afmæli barnanna í samvinnu milli foreldra og deildarstjóra. Foreldrar eru beðnir að bjóða börnum í afmæli utan leikskólans og setja ekki boðskort í hólf barnanna nema ef allri deildinni sé boðið.

Mikilvægar upplýsingar

Opnunar- og lokunartími

Leikskólarnir opna kl. 7:45 og er tekið á móti börnunum á öllum deildum. Leikskólinn lokar kl. 17:15 eða þegar seinasta barn fer úr húsi sem hefur verið kl. 16:15 síðasta skólaár. Hægt er að kaupa 15 mín. fyrir og eftir vistunartíma barnsins og er sótt um það hjá leikskólastjóra.

Dvalartími

Við upphaf leikskólagöngu er gerður skriflegur samningur við foreldra um dvalartíma barnsins. Foreldrum ber að virða þennan samning.

Vistun barnsins

Sækja þarf um breytingu á dvalarsamningi með mánaðar fyrirvara og miðast við 1. hvers mánaðar, á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra eða deildarstjórum.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtal eru einu sinni á ári, oftast í mars. Þá er farið saman yfir þroskamat sem starfsfólk hefur tekið á barninu og rætt ýmislegt fleira sem foreldrar og starfmenn vilja koma á framfæri eða ræða frekar. Auk þess geta foreldrar beðið um viðtal við deildarstjóra, sérkennslustjóra eða leikskólastjóra ef eitthvað sérstakt kemur upp á eða þeir vilja ræða sérstaklega við starfsfólkið.

Foreldrakaffi og önnur Foreldraboð

Börnunum þykir einstaklega skemmtilegt að fá foreldra sína í heimsókn í leikskólann sem á nokkuð stóran þátt í lífi barnsins. Starfsfólk hefur skilning á því að ekki er öllum foreldrum fært að mæta í öll boðin á árinu en vonumst við til þess að allir sjái sér fært um að mæta sem oftast.

Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi hvers leikskóla og er lögð áhersla á okkur að koma til móts við foreldra eins og mögulegt er. Heimili og skóli stefna að sameiginlegu markmiði; vellíðan og þroska barnsins. Við leggjum áherslu á góð og dagleg samskipti þegar foreldrar koma með og sækja börnin sín og foreldrar eru velkomnir inn á deildir. Foreldrafundir eru a.m.k. einu sinni á ári, að hausti, þar sem skipulag og markmið leikskólans eru kynnt. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru mjög nauðsynlegar. Mikilvægt er að foreldrar láti vita þegar um breytingar er að ræða á högum barns.

Foreldrafélag

Við leikskólann eru starfandi foreldrafélag. Þegar barn hefur leikskólagöngu ganga foreldrar sjálfkrafa í félagið. Foreldraféagið eru með fjáröflunarstarf; bæði kökubasar og bingó. Það stendur straum af leikskýningum og gefur börnum leikskólans jólagjöf auk þess að sjá um jólaföndur og vorferð leikskólans en þær eru farin seint í maí eða byrjun júní.

Araklettur þar sem gleðin býr!

Foreldraráð

Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html> (11. gr. *Foreldraráð*).

Perla Ösp Jónsdóttir, sími: 8976355 netfang: perlaosp95@hotmail.com

Oddur Þór Rúnarsson, sími: 8439064, netfasng: thorkatla.soffia@gmail.com

Jón Ólafur Jónsson, sími: 8975175. Netfang: jolafur4@gmail.com

Leikskólastarfið

Grunnur að allri leikskólakennslu er frjáls leikur, samskipti og skapandi starf. Mestur tími leikskóladagsins er leiktími sem ætlaður er fyrir frjálsan leik, bæði úti og inni. Um leið og fer að birta og hlýna í veðri á vorin er lögð meiri áhersla á útiveru.

Vettvangsferðir

Farið er eins og kostur er í vettvangsferðir í nágrenni leikskólans. Í ferðunum kynnast börnin sínu nánasta umhverfi, náttúrunni og staðháttum. Á vorin er farið í sveitaferð á vegum foreldrafélagsins og einnig fara elstu nemendur leikskólans í útskriftarferð.

Samverustundir

Á hverjum degi eru samverustundir. Þar er sungið, hlustað á sögur og margvísleg mál rædd. Þessar stundir gegna stóru hlutverki við eflingu félagsþroska og til málörvunar. Barnið lærir að hlusta og tjá sig.



Araklettur þar sem gleðin býr!

Máltíðir

Hádegismatur kemur frá Vestur restaurant

Lögð er áhersla á einfaldan, hollan og næringarríkan heimilismat. Hér á töflunni fyrir neðan er sýnt í stórum dráttum hvernig matseðillinn er uppbyggður en þessi tafla er ekki tæmandi.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Morgunm. Kl. 8:30 – 9:00	Hafragrautur, mjólk, vatn, lýsi.	Súrmjólk, vatn, lýsi.	Hafragrautur, mjólk, vatn lýsi.	Hafragrautur, mjólk, vatn, lýsi.	Kakó, ristað brauð, smjör, álegg.
Ávaxtatími Kl. 10:00 – 10:15 Hollusta og fjölbreytni í fyrirrúmi	Epli, bananar, perur, melónur, appelsínur, vínber	Epli, bananar, perur, melónur, appelsínur, vínber	Epli, bananar, perur, melónur, appelsínur, vínber	Epli, bananar, perur, melónur, appelsínur, vínber	Epli, bananar, perur, melónur, appelsínur, vínber
Hádegism. Kl. 11:30 – 12:00	Fiskur, karöflur, grænmeti, vatn.	Kjötmeti, kartöflur, grænmeti, vatn.	Spónamatur, brauð, álegg, vatn.	Kjötmeti, kartöflur, grænmeti, vatn.	Fiskur, karöflur, grænmeti, vatn
Síðdegishr. Kl. 15:00 – 15:15	Mjólk, vatn, brauð, álegg.	Mjólk, vatn, brauð, álegg.	Mjólk, vatn, brauð, álegg.	Mjólk, vatn, brauð, álegg.	Kakó, ristað brauð, smjör álegg mjólk, vatn.

Hvöld

Hvöldartími er frá 12:00 og eftir atvikum til 14:00 Foreldrar eru beðnir að virða matartíma og hvöldartíma og sækja börn kl. 13:30 eða kl. 13:00 og vinsamlegast ekki hringja á þessum tíma nema ef brýna nauðsyn ber til.

Í hvöldartíma barnanna er lögð áhersla á að eiga notalega stund. Börnin leggja sig og þau sofna sem þurfa. Yngstu börnin hlusta á lága tónlist eða þögnina en eldri börnin hlusta gjarnan á sögur eða ævintýri.

Fataklefnn

Þar eru börnin hvött til að klæða sig sjálf, eftir getu og aldri. Þar er lögð áhersla á sjálfshjálp, samhjálp og tillitsemi. Því er svo mikilvægt að börnin séu í góðum og einföldum fötum sem þau eiga auðvelt með að klæðast og afklæðast. Markmiðið er að þegar barn er á síðasta ári sínu í leikskólanum geti það klætt sig sjálft í og úr útifatnaði.

Hópastarf

Í hópastarfi er börnunum skipt í hópa eftir aldri og þroska og reynt að hafa hópana eins aldurshreina og mögulegt er. Börnin fara í hópastarf á morgnanna og byrjar það kl. 9:00 alla morgna á Arakletti. Í hópastarfi læra börnin meðal annars að vinna í hóp. Verkefnaval er við hæfi hvers

Araklettur þar sem gleðin býr!

einstaklings og lögð áhersla á gleði og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Boðið er upp á opinn efnivið; þar á meðal einingakubba. Einnig er boðið upp á Lífsmenntartíma, vináttufundi, umhverfiskennslu, sköpun, tónlist, lífsleikni, hreyfingu og könnunarleik.

Tónföndur

Tónlistartimar eru vikulega sem hluti af hópastarfi

Dans

Oft er dansað í leikskólanum og eru danstímar annan hvern föstudag í Koti. Einnig hefur Dansskkóli Köru boðið upp á danskennslu eina viku að haust og aðra að vori fyrir elstu börnin

Leikskólastarfið almennt er undirbúningur fyrir lífið sjálft.

Klettur/ starf með yngstu börnunum

Klettur er yngsta deildin á Arakletti og það koma börnin inn frá 14 mánaða aldri. Strax þart er lögð áhersla á Lífsmennt, málrækt og Læsi gegn um leik og starf. Lögð er áhersla á að skapa gott og gefandi andrúmsloft þar sem gleðin og góðvildin eru allsráðandi.

Krókur/starf með miðhópnum

Börnin koma yfir á Krók um það bil þegar þau hafa náð þriggja ára aldri en það fer þó eftir barnafjölda í leikskólanum hverju sinni. Á Króki ríkir sami gleðiandinn og þar halda börnin áfram að læra Lífsmennt, málrækt og Læsi ásamt ýmsu öðru sem maður þarf að læra þegar maður er orðinn svona stór! Tekið er mið af þroska hvers og eins og lögð áhersla á að mæta hverju barni þar sem það er statt.

Kot

Starfið í Koti með elstu nemendum er framhald af því starfi sem viðhaft hefur verið á yngri deildum leikskólans en gerðar eru auknar kröfur til nemenda eftir því sem aldur og þroski barnanna eflist. Gott samstarf er milli grunnskólans og leikskólans. Farið er í heimsóknir í leikskóladeildina á vorönn þar sem börnin fá að skoða og kynnst nýju umhverfi sem undirbýr þau fyrir að flytjast milli leikskóladeilda.

Upplýsingatöflur

Hver deild fyrir sig hefur upplýsingatöflu við inngang. Á töflunni er upplýsingum komið á framfæri til foreldra barna um það sem á dagana drífur og skilaboð fyrir næstu daga. Einnig er upplýsingatafla við inngang/útgang leikskólans þar sem matseðill dagsins er settur upp og hve börnin borðuðu vel sem og upplýsingar er varða leikskólann. Í Koti eru þessar upplýsingar á útihurð og við hurð.

Foreldrafélagið á Arakletti er með sér rými við inngang þar sem auglýstar eru uppákomur og fleira á vegum þess.

Föt barnsins

Taska barnsins er tæmd á mánudegi og innihaldið sett í fatabox barnsins sem á að innihalda föt til skiptanna (nærföt, sokka, sokkabuxur/gammosíur, bol). Einnig þarf barnið eftir árstíma og veðurfari föt vegna útiveru: (ullarsokka, lúffur, húfu, hlýja peysu), og pollagalla eða kuldagalla. **Athugið að ef útifatnaður barnanna er óhrein þarf að fara með hann heim og þvo hann og koma síðan með hann hreinan að morgni.** Við erum umhverfisvæn og bjóðum upp á taupoka undir óhreinan fatnað sem foreldrar skila svo aftur hreinum. Á föstudögum skal taka töskuna heim ásamt öllum notuðum fötum barnsins (einnig útifötum í þurrskáp) og innihaldið yfirfarið þvegið og bætt. Ef barnið er í leikskólanum allan daginn er æskilegt að það sé með tvo ganga af vettlingum og öðru sem gæti

Araklettur þar sem gleðin býr!

blotnað fyrir hádegi. Aðstæður á leikvöllinum er skoðuð og metin á hverjum degi og ekki farið út ef það þykir ekki æskiegt.

Opið hús

Á vorin er opið hús í leikskólanum þar sem afrakstur vetrarstarfsins er til sýnis.

Útskrift

Elstu nemendur leikskólans eru útskrifaðir að vori og er haldin lítil og látlaus athöfn að því tilefni; börnin fá afhent útskriftarskírteini og litla gjöf frá leikskólanum sínum.

Barninu fylgt inn á deild

Mikilvægt er að góð, dagleg samskipti þegar foreldrar koma með og sækja börn sín. Þess vegna er mikilvægt að barninu sé fylgt inn á sína deild og starfsmaður látinn vita þegar barn er sótt. Þetta er ekki síður mikilvægt þegar komið er með börnin eða þau sótt úti í garði.

Hverjir mega sækja barnið

Látið vita ef einhver annar en foreldri sækir barnið. Ekki er leyfilegt að senda barn heim með yngra barni en 12 ára.

Einkaviðtal.

Foreldrar koma án barns til leikskólastjóra, gengið er frá dvalarsamningi og foreldrar fá afhenta námskrá leikskólans og foreldrahandbók. Þegar viðtalinu lýkur hitta foreldrar deildarstjóra á þeirri deild sem barnið byrjar á og mun hann kynna foreldrum húsnæði, aðbúnað og helstu starfsemi.



Araklettur þar sem gleðin býr!

Fylgiskjal I

Snemmtæk íhlutun
Leikskóli Vesturbyggðar leggur áherslu á snemmtæka íhlutun, það þýðir að gripið er snemma til aðgerða í lífi barnsins ef þörf krefur. Markmiðið með snemmtækri íhlutun er að ná fram árangri í framvindu þroska barns eins fljótt og auðið er. Árangur snemmtæktrar íhlutunar fer að miklu leyti eftir þátttöku foreldra og samvinnu fagfólks sem að barninu kemur. Mikilvægt er því að íhlutun hefjist um leið og grunur vaknar um frávik í þroska. Vanda ber til skipulags og vinnubragða og gera þarf ráð fyrir heildstæðri þjónustu og markvissum aðgerðum þar sem unnið er eftir viðurkenndum aðferðum í kennslu og þjálfun.
Leikskólaráðgjöf
Leikskólinn hefur aðgang að tveimur sérfræðingum í tengslum við ráðgjöf fyrir einstök börn. Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur, kemur þrisvar á skólaári í einn til tvo daga í senn. Hann sinnir leikskólanum í þessum heimsóknum. Áspór Ragnarsson, sálfræðingur kemur tvisvar til þrisvar á ári og sinnir þá ráðgjöf á sömu stöðum. Þar við bætist þjónusta talmmeinafræðinga og atferlisfræðings hjá Tröppu sem býður upp á greiningar og talþjálfun fyrir börn og fullorðna í gegnum fjarbúnað.
<i>Framvinda þegar foreldrar/forráðamenn ræða áhyggjur sínar við starfsfólk leikskólans.</i>
1. Foreldri/forráðamaður/starfsmaður kemur með athugasemd/beiðni til deildarstjóra eða leikskólastjóra.
Deildar- eða leikskólastjóri skráir athugasemdir sem fara í persónumöppu barnsins.
2. Deildarstjóri og leikskólastjóri skoða málið með sérkennslustjóra og/eða fulltrúa úr þjónustuteymi leikskóla ef þörf krefur.
3. Deildarstjóri eða leikskólastjóri upplýsa foreldri/forráðamenn um vinnslu málsins og fylgja því eftir.
Jafnframt er þess gætt að upplýsingar um málið séu skráðar skilmerkilega í persónumöppu barnsins.
4. Sérfræðiteymi vinnur eftir atvikum með mál viðkomandi barns í samvinnu við foreldra/forráðamenn, og greina vandann ef hann er fyrir hendi, eru ráðgefandi um framhaldið og sinna eftirfylgni og endurmati.



Araklettur þar sem gleðin býr!

Fylgiskjal II

Reglur Leikskóla Vesturbyggðar

útgefið 2017

1. gr.

Leikskólarnir í Vesturbyggð eru ætlaðir börnum á aldrinum 14 mánaða til 6 ára. Sótt skal um leikskólavist með minnst 3ja mánaða fyrirvara.

Börnin hætta það ár sem þau verða 6 ára.

Opnunartími Arakletts er frá kl. 07:45 til kl. 17:15.

2. gr.

Umsækjandi og barn skulu vera með lögheimili í Vesturbyggð.

3. gr.

Grunnvistun er frá kl. 08:00 til kl. 12:00. Boðið er upp á breytilega vistun umfram grunnvistunartíma.

4. gr.

Leikskólastjóri boðar foreldra nýrra barna til viðtals, þar sem hann veitir upplýsingar um starfsemina og þjónustu rekstraraðila og fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið.

5. gr.

Leikskólagjald er ákveðið af bæjarstjórn á hverjum tíma. Fæðisgjald skal greiðast um leið og leikskólagjaldið. Vistgjaldið greiðist frá þeim tíma að aðlögun hefst.

6. gr.

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram. Gjaldalagi er fyrsta hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjaldalagi, dráttarvextir reiknast frá eindaga. Ef gjaldið hefur ekki verið greitt í 1 mánuð eða um það samið við leikskólastjóra eða bæjaryfirvöld er litið svo á, að viðkomandi hafi afsalað sér plássinu frá 1. næsta mánaðar og leikskólagjöld þá send lögfræðingi til innheimtu.

7. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur leikskólanna og foreldra/forráðamanna er einn mánuður hið minnsta. Leikskólastjóra er heimilt að krefjast mánaðar greiðslu frá uppsagnardegi, hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt. Uppsögn skal skila á eyðublaði sem fæst hjá leikskólastjóra.

Araklettur þar sem gleðin býr!

8. gr.

Veikt barn skal ekki koma í leikskólann. Tilkynna þarf veikindi barns og einnig, ef barn mun af öðrum orsökum ekki mæta í leikskólann. Ef barn er fjarverandi í minnst 4 vikur samfelld vegna veikinda er heimilt að gefa allt að helming dvalargjaldsins eftir gegn framvísun læknisvottorðs.

9. gr.

Barni er aðeins heimilt að dvelja í leikskólanum þann tíma sem dvalarsamningur kveður á um. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða þetta samningsákvæði.

10. gr.

Þeim, sem fylgja barni í leikskólann eða sækja, ber að láta viðkomandi starfsmann vita um komu sína og brottför. Látið ávallt vita, ef einhver annar en vanur er sækir barnið. Börn í leikskólanum skulu ekki sótt af yngri börnum en 12 ára.

11. gr.

Barn sem er að byrja í leikskólanum, skal fá aðlögunartíma með foreldri eða forráðamanni sínum til að fyrirbyggja, svo sem unnt er, röskun á öryggiskennd barnsins.

12. gr.

Morgunmatur hefst kl. 08:30. Foreldrar eða forráðamenn, sem eru með börn sín í morgunmat, þurfa að vera mætt með þau fyrir þann tíma.

13. gr.

Morgunmatur, hádegismatur og síðdegishressing er dregið af fæðisgjaldi þegar barn er samfelld 10 daga í burtu sé þess óskað.

14. gr.

Um leið og bæjaryfirvöld fá upplýsingar um það, að viðkomandi foreldri er komið í sambúð, fellur niður afsláttur á gjaldi sem á við um einstætt foreldri.

15. gr.

Að jafnaði skulu vera 5 – 6 starfsdagar á ári og skulu þeir vera auglýstir með mánaðar fyrirvara.

Araklettur þar sem gleðin býr!

16. gr.

Ef senda þarf börn heim vegna manneklu og veikinda starfsfólks er hringt í viðkomandi foreldra eða send skilaboð þar um. Ekki er gefinn afsláttur af gjaldi sökum þessa.

17. gr.

Börn raðast á biðlista eftir aldri, þau elstu fyrst, nema sérstakar aðstæður mæli með að barn verði í forgangi.

forfangur:

Fötluð börn og börn með alvarleg þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn. Börn starfsfólks leik- og grunnskólanna. Beiðni frá skólustjórum skal fylgja umsókn.

2. forfangur:

Börn sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi og börn með þroskafrávik. Erfiðleikar teljast t.d. barnaverndarmál, alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða sérfræðingi skal fylgja umsókn.

Börn með foreldra undir lögdri, börn einstæðra forráðamanna með fleiri en eitt barn á framfæri, þríburar.

Aðgerðir sem gripið er til áður en til þess kemur að senda börn heim vegna manneklu:

1. Veikindaafleysing fer inn á deild eða þar sem vantar starfsmann (8,33% af grunnmönnun í hverjum leikskóla)
2. Undirbúningstímar færðir til t.d. – taka þegar rólegur tími gefst t.d. í útiveru
3. Börn færð milli deilda
4. Sérkennslustjóri tekur hóp eða kemur inn á deild eftir atvikum
6. Hringt í foreldra og börn sótt

Fyrirkomulag ef sækja þarf börnin:

1. Hringt í foreldra þeirra barna sem eru í leikskólanum á þeim tíma sem starfsfólk vantar
2. Hringt í foreldra allra barna á þeirri deild sem þörfin er mest og foreldrar beðnir um að sækja börnin fyrir
3. Ef um langvarandi veikindi og eða manneklu er að ræða þá þarf að fara kerfisbundið í skerðingu t.d. með því að skipta upp í hópa svo jafnræði ríki.